



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019 - 2022

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

ÁSGEIR EIRÍKSSON
SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR
10.12.2018



Inngangur og samantekt.....	5
Ferli fjárhagsáætlunarvinnu	6
Forsendur fjárhagsáætlunar.....	6
00 Skatttekjur	7
0001 Útsvar	7
0006 Fasteignaskattur	7
0010 Jöfnunarsjóður.....	7
0035 Lóðarleiga	7
02 Félagsþjónusta.....	8
0201 Sameiginleg félagsþjónusta	8
0202 Félagshjálp.....	8
0211 Fjárhagsaðstoð	8
0215 Félagsleg heimaþjónusta	8
0218 Húsnæðisbætur (áður húsaleigubætur).....	8
0231 Barnavernd	8
0239 Önnur aðstoð vegna barna.....	8
0241 Þjónustuhópur aldraðra og örorkulífeyrisþega (afsláttur fasteignaskatta).....	8
0242 Tómsundastarf aldraðra.....	9
0255 Liðveisla	9
0256 Ferðaþjónusta.....	9
0258 Málefni fatlaðra	9
0261 Forvarnir	9
0274 Orlofssjóður húsmæðra.....	9
04 Fræðslu- og uppeldismál	9
0401 Skólaskrifstofa	9
04111 Leikskólinn Suðurvellir.....	9
0417 Dagvistun í heimahúsum	9
0420 Fræðslunefnd.....	10
04211 Stóru-Vogaskóla.....	10
0428 Frístundaskóli	10
0441 Framhaldsskóli.....	10
0451 Tónlistarskóli	10
04511 Tónlistarskóli	10
0481 Skólaeldhús.....	10
05 Menningarmál	10
0521 Bókasafn	10
0561 Tjarnarsalur.....	10



0571	Fjölskyldudagurinn	10
0572	Þrettándaskemmtun og önnur hátíðarhöld	10
0585	Kvenfélagið	11
0587	Kálfatjarnarkirkja	11
0588	Minjafélag	11
0589	Aðrir styrkir	11
06	Æskulýðs- og íþróttamál	12
0601	Frístunda- og menningarnefnd	12
0605	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	12
0627	Vinnuskóli	12
06511	Íþróttamiðstöð	12
0661	Íþróttasvæði	12
0665	Reykjanesfólkvangur	12
0681	Æskulýðsfélög	12
0683	Golfklúbburinn	12
0684	Styrkir vegna æskulýðs- og íþróttamála	12
0689	UMF Þróttur	13
07	Brunamál og almannavarnir	14
0724	Brunavarnir	14
0740	Almannavarnir	14
0789	Björgunarsveitin Skyggfir	14
08	Hreinlætismál	15
0821	Sorphreinsun og gámastöðvar	15
0851	Heilbrigðiseftirlit	15
09	Skipulags- og byggingarmál	16
0950	Byggingarnefnd	16
0950	Byggingafulltrúi	16
0951	Lóðir og endur	16
10	Umferðar- og samgöngumál	17
1031	Viðhald gatna	17
1053	Skilti og umferðamerking	17
1059	Götulýsing	17
1061	Snjómokstur	17
1071	Almenningssamgöngur	17
11	Umhverfismál	18
1102	Umhverfismál	18
1132	Tjaldsvæði	18



1142	Sláttur og hirðing opinna svæða.....	18
1145	Skógræktarfélagið / styrkur.....	18
1171	Refa- og minnkaeyðing.....	18
13	Atvinnumál	19
1324	Búfjárhald	19
20	Framlög til B-hluta fyrirtækja	20
2010	Hafnarsjóður.....	20
21	Sameiginlegur kostnaður.....	21
21011	Sveitarstjórn	21
2107	Endurskoðun.....	21
2111	Kosningar	21
2140	Bæjarskrifstofa	21
2151	Risna og gjafir	21
2153	Kynning sveitarfélagsins	21
2159	Tryggingapakki.....	21
2160	Starfsmannakostnaður	21
2171	Samtök sveitarfélaga	21
2180	Niðurfærsla krafna.....	21
22	Lífeyrisskuldbinding.....	22
2210	Áfallin lífeyrisskuldbinding.....	22
27	Óreglulegir liðir.....	23
2701	Endurgreiðslur	23
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	24
2801	Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum	24
2802	Tekjur af eignahlutum	24
2803	Vaxta- og verðbótatekjur af langtímakröfum.....	24
2811	Vaxta- og verðbóttagjöld af skammtímaskuldum	24
2813	Vaxta- og verðbóttagjöld af langtímaskuldum	24
31	Eignasjóður	25
31101	Stóru-Vogaskóli.....	25
31151	Leikskólinn Suðurvellir.....	25
31152	Stóru-Vogaskóli, Riddaragarður	25
31201	Íþróttamiðstöð.....	25
31271	Félagsmiðstöð.....	25
31301	Skrifstofa lóndal 2.....	25
31380	Búmenn, þjónusturými.....	25
31381	Búmenn, íbúð 106	25



31382	Búmenn, íbúð 107	25
3150	Gatnakerfi.....	25
31571	Aragerði 4	26
31572	Aðrar fasteignir.....	26
31590	Aðrar fjárfestingar	26
3178	Áhöld og búnaður.....	26
3180	Sameiginlegur kostnaður.....	26
3191	Fjármagnsgjöld	26
31913	Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum	26
41	Hafnarsjóður.....	27
4101	Almenn hafnargjöld.....	27
4111	Hafnarmannvirki.....	27
43	Vatnsveita.....	28
4301	Selt vatn.....	28
4312	Stofnæðar og dælur.....	28
61	Fráveita.....	29
6101	Fráveita.....	29
6111	Fráveitukerfi	29
	Framkvæmdir 2018	30
	Áætlun 2019 – 2021	31



Inngangur og samantekt

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 – 2022 er nú lögð fram til síðari umræðu og samþykktar í bæjarstjórn. Greinargerð þessari er ætlað að gefa lesendum heildarmynd um rekstur Sveitarfélagsins Voga eins og hann er áætlaður næstu fjögur árin. Áætlunin nær til næstu fjögurra ára, þó með megin áherslu á áætlun ársins 2019.

Áætlun um rekstur bæjarsjóðs (A-hluti) og fyrirtækja hans (B-hluti) fyrir árið 2018 er megin viðfangsefni þessarar greinargerðar. Áætlunin fyrir árin 2020 – 2022 er að mestu framreikningur er byggir á áætlun ársins 2018, en gefur eigi að síður vísbendingu um þróun rekstursins, efnahagsins og sjóðsstreymisins næstu fjögur árin. Gert er ráð fyrir fjárfestingum að hluta til fyrir síðari hluta áætlunartímabilsins.

Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur samstæðunnar (A og B hluta) skili jákvæðri niðurstöðu, þ.e. tekjur verði umfram gjöld. Samstæðan í heild (A og B hluti) skilar jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 23,9 m.kr. Rekstrarafgangur áætlunarinnar er talsvert betri en undanfarin ár, og til marks um að

Í rekstraráætlun ársins 2019 er áfram lögð áhersla á viðhaldsverkefni ýmiss konar, sem og endurnýjun búnaðar. Stærsti hluti þeirra beiðna sem barst varðandi viðhaldsverkefni og búnaðarkaup eru inni á áætluninni, og því unnt að gera ráð fyrir að búið sé að sinna að mestu allri uppsafnaðri þörf um viðhaldsverkefni og búnaðarkaup frá fyrri árum.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda breytast á milli ára, annað árið í röð. Umtalsverð hækkun verður á fasteignamati í sveitarfélaginu árið 2019, en meðaltalshækkun fasteignamats milli ára er um 33%. Í áætluninni er lagt til að álagningarstuðull fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis lækki úr 0,41% í 0,33% af fasteignamati. Með þessu er komið til móts við fasteignaeigendur í sveitarfélaginu, þannig að álagðir fasteignaskattar og önnur fasteignagjöld hækka nokkurn veginn í takt við verðlagsþróun milli ára, í stað þess að hækka jafn mikið og fasteignamatið. Þessi skerðing hefur í för með sér að framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fasteignaskatts skerðist, en á móti kemur að gert er ráð fyrir almennt tekjujöfnunarframlag hækki á móti um álíka fjárhæð. Bæjarráð leggur til að álagning vatnsskatts lækki nú úr 0,19% í 0,155% af fasteignaskatti. Viðmiðunarfjárhæðir vegna afsláttar fasteignaskatta fyrir eldri borgara og örorkulífeyrisþega hafa verið uppfærðar, auk þess sem fjárhæðir milli mismunandi afsláttarflokka hafa verið samræmdar. Hækkun viðmiðunarfjárhæða er mest fyrir þá sem njóta fulls afsláttar, eða um 10%.

Áætlaðar fjárfestingar árið 2019 eru áætlaðar 316,5 m.kr., en til frádráttar þeirri fjárhæð eru áætlaðar tekjur vegna gatnagerðagjalda 110 m.kr. Fjárfrekasta framkvæmdin 2018 er bygging nýrrar þjónustumiðstöðvar bæjarins, auk þess sem ráðist verður í endurbætur á fráveitunni. Áfram verður unnið að endurnýjun gatna, og gert er ráð fyrir lagningu göngu- og hjólreiðastígs að Brunnastaðahverfi. Að auki verður veitt fjármunum til Skógræktarfélagsins og Hestamannafélagsins til stígagerðar, hafist verður handa við hönnun viðbyggingar grunnskólans og veitt fé til fegrunar opinna svæða.

Í framlögðu áætlunarskjali er greinargott yfirlit um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi bæjarsjóðs og samstæðunnar. Þeim gögnum ásamt þessari greinargerð er ætlað að veita glögga heildarmynd af fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga árin 2019 – 2022.



Ferli fjárhagsáætlunarvinnu

Undirbúningur fjárhagsáætlunarvinnunnar hófst þegar í lok sumars, þegar drög að vinnuáætlun voru lögð fram í bæjarráði. Frá byrjun september hefur málið verið á dagskrá allra reglubundinna bæjarráðsfunda, auk þess sem bæjarráð hittist á sérstökum vinnufundum þar sem m.a. gafst tækifæri til að funda með deildarstjórum. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldin í lok október, þar fengust ýmsar gagnlegar upplýsingar m.a. um forsendur til að styðjast við, auk þess sem margvísleg og gagnleg erindi voru flutt. Fjárhagsáætlunin var síðan lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 31. október, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal leggja fram fjárhagsáætlun til fyrri umræðu eigi síðar en fyrir lok október ár hvert. Sem fyrr ríkti nokkur óvissa um mikilvæga þætti við framlagningu áætlunarinnar fyrri umræðu, en á þeim tímapunkti lágu ekki fyrir áætlanir um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2018, en u.þ.b. þriðjungur af tekjum sveitarfélagsins eru í formi framlaga úr sjóðunum. Að lokinni fyrri umræðu hefur bæjarráð fjallað um áætlunina á fundum sínum, auk þess sem hún hefur verið uppfærð eftir því sem gögn hafa borist. Niðurstaða allrar þessarar vinnu liggur nú fyrir, og áætlunin lögð fram til síðari umræðu og samþykktar í bæjarstjórn.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunarinnar taka mið af ýmsum ytri þáttum, m.a. þjóðhagsspá. Þá koma einnig fram gagnlegar upplýsingar á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem haldin var í lok september. Bæjarráð hefur ákveðið að halda óbreyttri álagningu útsvars en lækka álagningu fasteignaskatts. Vatnsskattur lækkar úr 0,19% í 0,155% af fasteignamati. Gjaldskrá sveitarfélagsins hækkar um 4% milli ára, auk þess sem viðmiðunarfjárhæðir afsláttar fasteignaskatta hafa verið uppfærðar og viðmiðunarfjárhæðirnar lagfærðar innbyrðis. Almennar verðlagshækkningar eru áætlaðar 4%. Kjarasamningar renna flestir út á næsta ári, og því ríkir óvissa um þróun þeirra mála. Í forsendum launaáætlunar er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld hækki um 6% milli ára.



00 Skatttekjur

Heildartekjur hækka um 63 m.kr. milli ára, eða um 6%, miðað við uppfærða áætlun ársins 2018. Skatttekjurnar samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, framlögum úr Jöfnunarsjóði.

0001 Útsvar

Samkvæmt [staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga](#) sem gefin er út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7,2% árið milli árána 2018 og 2019. Í okkar forsendum höfum við jafnframt gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 3,5% milli ára, og að útsvarsstofninn hækki þannig samanlagt um margfeldið af þessu tvennu.

0006 Fasteignaskattur

Álagning alls er áætluð 97,7 m.kr. Álagningarstofninn hækkar umtalsvert í sveitarfélaginu milli ára, vegna umtalsverðrar hækkunar fasteignamats í sveitarfélaginu árið 2019. Bæjarráð hefur í vinnu sinni milli umræðna rýnt hver áhrif lækkunar álagningarstuðuls verða með tilliti til þróunar fasteignagjalda hjá fasteignaeigendum sem. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga mun framlag til jöfnunar fasteignasköttum lækka um 5 m.kr. við það að álagningarhlutfallið lækkar, en á móti kemur að gera má ráð fyrir tekjujöfnunarframlag sveitarfélagsins hækki um því sem næst sömu fjárhæð. Af þessum sökum eru heildaráhrif á framlög úr jöfnunarsjóði því hverfandi. Niðurstaðan er að leggja til að álagningarhlutfall íbúðarhúsnæðis lækki úr 0,41% í 0,33% af fasteignamati, lóðaleiga verði 0,15%, holræsagjald 0,15% og vatnsskattur 0,155%.

0010 Jöfnunarsjóður

Nú liggja áætlanir jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 fyrir, og hafa verið færðar inn í áætlunina. Heildarframlög jöfnunarsjóðs eru áætluð 347 m.kr. Óvissuþáttur sem fyrr er áætlun um tekjujöfnunarframlag. Árið 2018 var spá um að framlagið yrði 60 m.kr., en framlögin urðu 57,6 m.kr. Áætlun 2019 gerir ráð fyrir að framlagið verði 65 m.kr, áætlunin byggir á forsendum sem taka mið af þróun útsvarstekna á landsvísu. Framlag vegna fasteignaskatta hefur verið lækkað frá áætlun sjóðsins, þar sem gert er ráð fyrir að álagningarstofninn verði ekki nýttur að fullu og því komi til skerðingar, en á móti kemur áður nefnd hækkun á tekjujöfnunarframlagi.

0035 Lóðarleiga

Tekjur af lóðarleigu er lágt hlutfall skatttekna og hefur því tiltölulega lítið vægi í heildarmyndinni. Áætlunin miðast við að álagningarhlutfallið sé óbreytt milli ára, og að tekjur af lóðarleigu verði 20,9 m.kr.



02 Félagsþjónusta

Heildaráætlun málaflokksins er 102,6 m.kr. Áætlunin byggir annars vegar á áætlun Félagsþjónustunnar og hins vegar á áætlunum sveitarfélagsins um þá þætti félagsþjónustu sem rekinn er af sveitarfélaginu.

0201 Sameiginleg félagsþjónusta

Í áætlun Félagsþjónustunnar er uppistaða kostnaðar samstarfssveitarfélaganna laun og launatengd gjöld starfsfólks Félagsþjónustunnar. Að auki er nú gert ráð fyrir að fram fari óháð úttekt á starfseminni, og er sá kostnaður færður undir þennan lið. Bæjarstjóri Sandgerðisbæjar, fjármálastjóri og félagsmálastjóri hafa fundað með bæjarstjórum Garðs og Voga og farið yfir áætlun félagsþjónustunnar, sbr. ákvæði í samstarfssamningi aðila.

0202 Félagshjálp

Hér er færður kostnaður vegna fulltrúa sveitarfélagsins í Fjölskyldu- og velferðarnefnd.

0211 Fjárhagsaðstoð

Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur áætlað fjárhagsaðstoð 2019, og gengið út frá tilteknum forsendum þar að lútandi. Þessi liður hefur farið lækkanði á undanförunum árum, enda ástand almennt batnað í samfélaginu. Forsendur gera ráð fyrir að tilteknum fjölda einstaklinga sem þurfi á fjárhagsaðstoð að ræða. Viðmiðunarfjárhæðir voru samræmdar í upphafi árs 2018, og eru nú sambærilegar innan alls félagsþjónustusvæðisins.

0215 Félagsleg heimaþjónusta

Kostnaðurinn við rekstur þessarar deildar er vegna starfsmanns heimaþjónustunnar, sem er í 50% stöðugildi. Að auki gerir félagsþjónustan ráð fyrir hálfu stöðugildi til afleysinga sem nýtist öllum þremur aðildarsveitarfélögum, og er kostnaði skipt eftir íbúafjölda. Auk hefðbundinna rekstrarframlaga er fjárveiting til sameiginlegs verkefnis heimaþjónustunnar á þessum vettvangi, er snýr að eflingu og samræmingu þjónustunnar.

0218 Húsnæðisbætur (áður húsaleigubætur)

Félagsmálastjóri gerir ráð fyrir 1,7 m.kr. í þennan lið. Sérstökum húsnæðisstuðningi er úthlutað í samræmi við samþykktar verklagsreglur þar að lútandi.

0231 Barnavernd

Áætlun þessa liðar er 1,8 m.kr., um er að ræða aðkeypta sérfræðiþjónustu og sértæka fjárhagsaðstoð í tengslum við barnaverndarmál.

0239 Önnur aðstoð vegna barna

Á þennan lið eru færðar niðurgreiðslur leikskólagjalda, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum gjaldskrár um lægri gjöld m.v. tekjuviðmið. Leikskólinn er þannig tekjufærður að fullu óháð því hvort niðurfelling sé veitt, en niðurfellingin færð til gjalda undir þessum lið og með hætti gerð gagnsæ og sýnileg.

0241 Þjónustuhópur aldraðra og örorkulífeyrisþega (afsláttur fasteignaskatta)

Hér er færður kostnaður sveitarfélagsins vegna afsláttar fasteignaskatta til elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem mið er tekið af tekjum. Tekjuviðmið hafa verið uppfærð í gjaldskránni og viðmiðunarfjárhæðir samræmdar innbyrðis



0242 Tómsundastarf aldraðra

Hér færist allur kostnaður vegna félagsstarfs eldri borgara. Reksturinn er í jafnvægi milli ára. Vert er að geta þess að stærsti einstaki liðurinn er reiknuð innri leiga vegna afnota af húsnæðinu í Álfagerði.

0255 Liðveisla

Félagsleg liðveisla til stuðning ungmennum með fötlun. Reksturinn tekur mið af umfanginu hverju sinni, og þeim fjölda sem rétt eiga á þjónustunni að mati Félagsþjónustunnar.

0256 Ferðaþjónusta

Mikil hækkun verður á þessum lið milli ára. Hækkunin er tilkomin vegna einstaklinga sem eiga rétt á akstri, sem í þessu tilviki er sérhæfður og umfangsmikill.

0258 Málefni fatlaðra

Áætlun Félagsþjónustunnar liggur fyrir. Framlög Jöfnunarsjóðs hafa hækkað umtalsvert milli ára vegna þessa liðar, og því lækka útgjöld sveitarfélagsins á þessum lið talsvert. Heildarkostnaður málaflokksins er áætlaður 153 m.kr., en framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 135,7 m.kr. Kostnaður sveitarfélaganna er því um 18,2 m.kr., og hlutur Sveitarfélagsins Voga 4,9 m.kr.

0261 Forvarnir

Um er að ræða lítills háttar kostnaðarlið vegna sameiginlegs forvarnarteymis á starfssvæði félagsþjónustunnar.

0274 Orlofssjóður húsmæðra

Framlagið er lögbundið.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður rúmar 582 m.kr. Rekstur skóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir.

0401 Skólaskrifstofa

Samstarf er við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Áætlun ársins 2019 byggir á framreiknuðum kostnaði ársins 2018 m.v. þróun um verðlagsforsendur.

04111 Leikskólinn Suðurvellir

Rekstur leikskólans er í jafnvægi milli ára, og byggir m.a. á forsendum í s.k. leikskólalíkani þar sem tekið er mið af fjölda barna, aldursamsetningu o.fl. Heildarkostnaður við rekstur leikskólans er áætlaður 151 m.kr.

0417 Dagvistun í heimahúsum

Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum vegna þessa liðar.



0420 Fræðslunefnd
Laun og launatengd gjöld Fræðslunefndar.

04211 Stóru-Vogaskóla
Áætlunin byggir í meginatriðum á óbreyttum rekstri milli ára. Áætlun til búnaðarkaupa er 9,6 m.kr., og í samræmi við óskir skólastjórnenda þar að lútandi.

0428 Frístundaskóli
Reksturinn er hefðbundinn milli ára. Fjárveiting til búnaðarkaupa er 1,2 m.kr.

0441 Framhaldsskóli
Um er að ræða tilfallandi kostnað í tengslum við framhaldsskóla, m.a. akstur vegna nýnemakynningar o.fl.

0451 Tónlistarskóli
Ákveðið hefur nú verið að aðgreina rekstur tónlistarskólans frá rekstri grunnskólans. Rekstrarliðir sem tengjast rekstri tónlistarskólans beint eru því teknir út úr rekstri grunnskólans og færðir undir þessa deild. Heildarkostnaður við rekstur tónlistarskólans er áætlaður 11,2 m.kr.

04511 Tónlistarskóli
Hér er um að ræða niðurgreiðslu á tónlistarnámi utan lögheimilissveitarfélags, fyrir börn að 18 ára aldri sem sækja tónlistarnám í aðra tónlistarskóla.

0481 Skólaeldhús
Reksturinn er óbreyttur að umfangi milli ára, en kostnaði við hann er að mestu deilt á grunnskólann sem og er tekjufærsla vegna matseldar fyrir eldri borgara.

05 Menningarmál
Undir þessum málaflokki er rekstur bókasafns, Tjarnarsals ásamt kostnaði við hátíðarhöld, þ.m.t. fjölskyldudaginn. Að auki falla undir þennan málaflokk styrkir vegna menningarstarfsemi ýmiss konar.

0521 Bókasafn
Reksturinn er í jafnvægi milli ára.

0561 Tjarnarsalur
Reksturinn er hefðbundinn, hér færast tekjur vegna útleigu ásamt rekstrarkostnaði. Búnaðarþörf er ekki tilgreind sérstaklega, heldur er liðurinn framreiknaður frá áætlun þessa árs.

0571 Fjölskyldudagurinn
Áætlun ársins er 2,1 m.kr.

0572 Þrettándaskemmtun og önnur hátíðarhöld
Ekki er lengur þrettándaskemmtun á vegum sveitarfélagsins, en hins vegar er áfram gert ráð fyrir samstarfi við Kvenfélagið Fjólu um umsjón með hátíðahöldum á þjóðhátíðardaginn, 17. júní.



0585 Kvenfélagið

Engin styrkbeiðni hefur borist frá Kvenfélaginu fyrir árið 2018.

0587 Kálfatjarnarkirkja

Áætlunin gerir ráð fyrir að endurvekja styrk til reksturs kirkjunnar, sem nemur 340 þús.kr. Styrkurinn er einkum hugsaður til að mæta rafmagnskostnaði kirkjunnar, vegna kyndingar.

0588 Minjafélag

Á árinu 2018 var gerður þriggja ára samningur um uppbyggingu Skjaldbreiðar á Kálfatjörn. Framlag vegna þess liðar á árinu 2019 er 1,0 m.kr., en almenn styrkfjárhæð til félagsins því til viðbótar er áætluð 600 þús.kr., auk niðurfellinga fasteignagjalda á Skólaminjasafninu í Norðurkoti.

0589 Aðrir styrkir

„Pottur“ fyrir ýmsar styrkbeiðnir er fram kunna að koma vegna menningartengdar starfsemi. Bæjarráð hefur m.a. lagt til að veitt verði kr. 150.000 til Voga-TV af þessum lið. Fjárveitingin er kr. 2.100.000



06 Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þessum málaflokk er rekstur félagsmiðstöðvar íþróttamiðstöðvar, íþróttamannvirkja auk þess sem styrkir til félaga sem starfa á vettvangi málaflokksins eru færðir hér.

0601 Frístunda- og menningarnefnd

Kostnaður vegna launa og launatengda gjalda Frístunda- og menningarnefndar.

0605 Æskulýðs- og íþróttafulltrúi

Undir þennan lið fellur rekstrarkostnaður embættis Íþrótt- og tómstundafulltrúa ásamt rekstur félagsmiðstöðvar unglinga. Reksturinn er áþekkur milli ára.

0627 Vinnuskóli

Áætlun Vinnuskólans tekur mið af u.þ.b. 50% þátttöku árganga sem eiga rétt á skólavist. Í ár var hlutfallið lágt, en fjárveitingin nýtt til að bæta við vinnu þeirra sem voru í skólanum, enda verkefnið næg. Gert er ráð fyrir sambærilegu fyrirkomulagi árið 2019.

06511 Íþróttamiðstöð

Reksturinn er áþekkur milli ára. Íþróttamiðstöðinni er nú stýrt af forstöðumanni íþróttamannvirkja, í samræmi við nýsamþykktar skipulagsbreytingar. Búnaðarkaup eru áætluð 1,4 m.kr., og eru í samræmi við óskir sem fram komu við vinnslu áætlunarinnar.

0661 Íþróttasvæði

Undir þessum lið er vallarumsjón, sem var á hendi knattspyrnudeildar 2018. Samningsfjárhæðin í ár var 5 m.kr., Áætlunin gerir ráð fyrir að þessi liður verði 5,4 m.kr. Ekki hefur verið tekin afstaða til endurnýjunar samnings um vallarumhirðu árið 2019.

0665 Reykjanesfólkvangur

Áætlun Reykjanes UNESCO Geopark liggur fyrir, og hefur verið samþykkt af stjórn Jarðvangsins ásamt því að vera afgreidd af fjárhagsnefnd og stjórn SSS.

0681 Æskulýðsfélög

Engin áætlun á þessum lið.

0683 Golfklúbburinn

Tillaga um að árlegur styrkur verði hækkaður sem nemur afborgun og vexti af láni sem klúbburinn tók á sínum tíma til byggingar vélaskemmu. Áætlunin gerir ráð fyrir að styrkfjárhæðin verði 3,7 m.kr.

0684 Styrkir vegna æskulýðs- og íþróttamála

Hér er færður kostnaður vegna frístundastyrks barna og ungmenna, sem er ráðgerður kr. 25.000 á hvern einstakling 18 ára og yngri. fjárveitingin verði 5 m.kr.



0689 UMF Þróttur

Styrkfjárveiting árið 2018 var 4.150 þús.kr. til aðalstjórnar og 5,2 m.kr. til knattspyrnudeildar. Í áætluninni 2019 er nú gert ráð fyrir að styrkur til aðalstjórnar hækki um 5% og verði kr. 4.350.00, og að styrkur til knattspyrnudeildar hækki úr um áþekkt hlutfall, eða úr kr. 5.200.000 í kr. 5.475.000.



07 Brunamál og almannavarnir

0724 Brunavarnir

Áætlun BS hefur verið afgreidd af stjórn BS og liggur fyrir. Á árinu 2019 tekur gildi ný reglugerð um starfsemi slökkviliða, sem hefur áhrif til hækkunar kostnaðar á starfsemi BS. Hækkun framlaga sveitarfélagsins til BS eru þó óveruleg milli ára, þar sem samsetning íbúa sveitarfélaganna hefur breyst, Sveitarfélaginu Vogum í hag.

0740 Almannavarnir

Áætlun Almannavarnarnefndar liggur fyrir og hefur verið samþykkt af fjárhagsnefnd og stjórn SSS. Um er að ræða óverulega hækkun milli ára.

0789 Björgunarsveitin Skyggfir

Styrkfjárhæð 2018 var 2,5 m.kr., og hafði verið hækkuð tilfallandi vegna nýrrar viðbyggingar björgunarsveitarinnar sem tekin var í notkun á árinu. Tillagan fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir að fjárframlag sveitarfélagsins til sveitarinnar verði í 2,3 m.kr.



08 Hreinlætismál

0821 Sorphreinsun og gámastöðvar

Sorphirðugjöld og sorpeyðingargjöld eru færð til tekna undir þessum málaflokki. Álagning sorphirðugjalda taka mið af fjölda sorptunna við hvert heimili. Sorpeyðingargjöld eru lögð á samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins, á öll fasteignanúmer. Miðað við tillögu að gjaldskrá 2019 er heildarálagning þessara gjalda áætlun 20,9 m.kr.

Kalka, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, hefur umsjón með allri sorphirðu heimila í sveitarfélaginu, ásamt því að annast sorpeyðingu (einkum brennslu). Fjárhæðir vegna sorphirðu og sorpeyðingar eru ákvarðaðar af stjórn Kólku, og tekur fjárhagsáætlun sveitarfélagsins mið af því.

Alla jafna er gengið út frá því að jöfnuður ríki, þ.e. að tekjur vegna sorphirðugjalda og sorpeyðingargjalda standi undir kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu. Miðað við framangreindar forsendur er tekjuafgangur um 330 þús.kr. á þessum lið.

0851 Heilbrigðiseftirlit

Áætlun HES er ákvörðuð af fjárhagsnefnd og stjórn SSS, og hefur verið færð inn í áætlun sveitarfélagsins. Tillagan geir ráð fyrir að viðbótarstöðugildi, sem bætt var við árið 2018, verði fest í sessi.



09 Skipulags- og byggingarmál

0950 Byggingarnefnd

Laun og launatengd gjöld Umhverfis- og skipulagsnefndar.

0950 Byggingafultrúi

Á árinu 2018 var bætt í áætlun þessa liðar vegna aukinna byggingaumsvifa í sveitarfélaginu. Áætlunin 2019 gerir ráð fyrir að aukningin verði áfram inni, og tekur áætlunin mið af því. Þá er jafnframt tekið mið af auknum kostnaði í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins, sem þegar er búið að samþykkja að ráðist verði í.

0951 Lóðir og endur

Hér eru fasteignagjöld af ýmsum fasteignum sveitarfélagsins færð til gjalda.



10 Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málaflokk fellur kostnaður vegna atriða er lúta að götum, skiltum, lýsingu, snjómokstri og almenningssamgöngum.

1031 Viðhald gatna

Heilaráætlun þessa liðar er 22,7 m.kr., og er áþekk útgjöldum á yfirstandandi ári.

1053 Skilti og umferðamerking

Þörf er á endurnýjun merkinga, auk kostnaðar við ný skilti sem fellur til. Tillagan gerir ráð fyrir kaupum á tveimur hraðavaraskiltum, þar sem öikumönnum er sýndur raunverulegur hraði ökutækisins og á skjánum birtist hvatning um að lækka ökuhraðann.

1059 Götulýsing

Áætlun forstöðumanns gerir ráð fyrir aðkeyptri þjónustu að fjárhæð 4,0 m.kr., m.a. vegna endurnýjunar stýribúnaðar.

1061 Snjómokstur

Eðli málsins samkvæmt er hér um óvissuáætlun að ræða. Um er að ræða reiknaðan lið, þar sem umhverfisdeild sér um snjómoksturinn og er sú deild því tekjufærð sem nemur sömu fjárhæð.

1071 Almenningsamgöngur

Óvissa ríkir um starfsemina, í kjölfar uppsagnar SBK á samningi sínum við SSS um akstur leiðar 55. SSS greiðir sveitarfélaginu framlag vegna starfsemi Vogastrætó, samkvæmt samkomulagi. Stjórn SSS hefur nú ákveðið að endurnýja ekki samning við Vegagerðina, og mun stofnunin því taka við umsjón akstursins frá og með áramótum. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra SSS er gengið út frá óbreyttu þjónustustigi af hálfu Vegagerðarinnar, þ.m.t. akstri á leið 88 og umsjón sveitarfélagsins með honum.



11 Umhverfismál

1102 Umhverfismál

Rekstur Umhverfiseildar nær nú yfir allan fasteignarekstur sveitarfélagsins, sem og umsjón með umhverfismálum, opnum svæðum o.s.frv. Starfsmenn deildarinnar sinna jafnframt akstri skólabíls og Vogastrætó. Forstöðumaður er nú kominn að nýju í fullt starf, en var áður í hlutastarfi ásamt því að sinna sambærilegu starfi í hlutastarfi fyrir Grindavíkurbæ.

1132 Tjaldsvæði

Á árinu var gerður rekstrarsamningur við einkahlutafélag um rekstur tjaldsvæðisins. Reksturinn gekk að sögn vel á nýliðnu sumri, og lofar góðu um framhaldið. Sveitarfélagið hefur því ekki lengur eiginlega rekstrarumsjón með starfseminni á tjaldsvæðinu.

1142 Sláttur og hirðing opinna svæða

Fjárfesting í búnaði er 4,2 m.kr. fjárveitingu til búnaðarkaupa, aðallega er um að ræða endurnýjun á opnum leiksvæðum í sveitarfélaginu.

1145 Skógræktarfélagið / styrkur

Ekki hefur borist beiðni frá Skógræktarfélaginu um rekstrarstyrk fyrir árið 2019, en á hinn bóginn gerir áætlunin ráð fyrir fjárveitingu á framkvæmdaáætlun til lagningu nýs stígar að Háabjalla, 2,0 m.kr.

1171 Refa- og minnkaeyðing

Eitthvað er um að frístundaskyttur fargi minnk og fá greitt fyrir það, í samræmi við gjaldskrá.



13 Atvinnumál

1324 Búfjárhald

Ekkert er áætlað á þennan lið árið 2019.



20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

2010 Hafnarsjóður

Rekstur Vogahafnar standur ekki undir sér, því þarf til að koma framlag úr bæjarstjóði til að standa undir hallarekstrinum. Framlag úr bæjarsjóði er áætlað 3,5 m.kr.



21 Sameiginlegur kostnaður

21011 Sveitarstjórn

Rekstur sveitarstjórnar er í jafnvægi milli ára.

2107 Endurskoðun

Áætlunin er samkvæmt gildandi samningi um endurskoðun sveitarfélagsins.

2111 Kosningar

Ekki eru fyrirhugaðar kosningar á árinu 2019. Komi til þess að efnt verði til alþingiskosninga, verður kostnaður vegna framkvæmda við þær greiddar úr ríkissjóði.

2140 Bæjarskrifstofa

Rekstur bæjarskrifstofu er áþekkur milli ára. Gert er ráð fyrir endurnýjun búnaðar og húsgagna að fjárhæð 1,6 m.kr.

2151 Risna og gjafir

Ýmislegt tilfallandi færirst undir þennan lið, áætlun lækkar eilítið milli ára, þar sem fjárveitingin hefur ekki verið fullnýtt á yfirstandandi ári.

2153 Kynning sveitarfélagsins

Helst er um að ræða auglýsingakostnað sveitarfélagsins, þ.m.t. styrktarlínur ýmiss konar. Liðurinn er lækkaður lítillega milli ára.

2159 Tryggingapakki

Kostnaður vegna trygginga sveitarfélagsins er nú færður á viðkomandi fasteign eða kostnaðarstað.

2160 Starfsmannakostnaður

Kostnaður vegna árshátíðar starfsfólks er færður unnir þenna lið. Á þessum lið er einnig að finna liðlega 9 m.kr. fjárveitingu vegna áætlaðra forfallalauna. Rétt þykir að hafa s.k. „pott“ á sameiginlegum lið, í stað þess að hafa áætlun fyrir forfallalaunum í hverri deild. Loks er gert ráð fyrir að aðkeypt sérfræðiþjónusta, aðallega vegna þjónustu mannauðsráðgjafa, verði 1,6 m.kr. á árinu.

2171 Samtök sveitarfélaga

Annars vegar er um að ræða kostnað við nefndarlaun fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn SSS og hins vegar áætlun um rekstur SSS og þátttöku sveitarfélagsins í honum.

2180 Niðurfærsla krafna

Ekkert áætlað á þennan lið.



22 Lífeyrisskuldbinding

2210 Áfallin lífeyrisskuldbinding

Áætlunin er á svipuðum nótum milli ára. Um er að ræða reiknaðan lið, sem ekki hefur áhrif á sjóðstreymi. Lífeyrisskuldbindingin er áætlun 5,7 m.kr. á árinu 2019.



27 Óreglulegir liðir
2701 Endurgreiðslur
Ekkert er áætlað á þennan lið.



28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áætlun þessara liða er unnin með aðstoð rekstrarráðgjafa sveitarfélagsins, og tekur alla jafna mið af áætluðu vaxtastigi og verðbólguþróun. Þar sem gert er ráð fyrir lántöku hjá sveitarfélaginu á árinu 2019 vegna framkvæmda, hafa fjármagnsliðir verið uppfærðir með tilliti til þess.

2801 Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum

Vaxtatekjur eru áætlaðar 0,8 m.kr.

2802 Tekjur af eignahlutum

Hér er m.a. tekjufærð arðgreiðsla fráveitu sveitarfélagsins, vegna framkvæmda sem á sínum tíma voru fjármagnaðar úr bæjarsjóði.

2803 Vaxta- og verðbótatekjur af langtímakröfum

Ekkert er áætlað á þennan lið.

2811 Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum

Gjöld eru áætluð 447 þús.kr.

2813 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum

Áætlun þessa liðar er 200 þús.kr.



31 Eignasjóður

Rekstur fasteigna eru færðar undir eignasjóði, þ.e. reiknaðar leigutekjur sem gjaldfærðar eru á viðkomandi stofnun, en á móti kemur rekstrarkostnaður fasteigna, svo sem fasteignagjöld, tryggingar ásamt viðhaldskostnaði, jafnt fasteigna sem lóða.

31101 Stóru-Vogaskóli

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir vegna skóla og Tjarnarsals sem voru settir í forgang af hálfu skólastjórnenda og forstöðumanns umhverfis og eigna. Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 14,5 m.kr.

31151 Leikskólinn Suðurvellir

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir sem voru settir í forgang af hálfu leikskólastjóra og forstöðumanns umhverfis og eigna. Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 9,1 m.kr.

31152 Stóru-Vogaskóli, Riddaragarður Innifalið í áætlun grunnskólans.

31201 Íþróttamiðstöð

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir sem voru settir í forgang af hálfu frístunda- og menningarfulltrúa og forstöðumanns umhverfis og eigna. Fjárveiting til fasteignaviðhalds er 11,1 m.kr. Að þessu sinni eru ekki sértækar fjárveitingar til búnaðarkaupa í íþróttamiðstöð.

31271 Félagsmiðstöð

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

31301 Skrifstofa Iðndal 2

Gert er ráð fyrir 1,4 m.kr. fjárveitingu vegna viðhald húss, m.a. vegna innréttingar nýrrar skrifstofu fyrir væntanlegan bæjarritara.

31380 Búmenn, þjónusturými

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

31381 Búmenn, íbúð 106

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

31382 Búmenn, íbúð 107

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

3150 Gatnakerfi

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna, en gert er ráð fyrir endurnýjun gatna í framkvæmdaáætlun.



31571 Aragerði 4

Lionsmenn standa fyrir viðgerðum á félagsheimili sínu, fjárveiting vegna útlagðs kostnaðar er kr. 416.000

31572 Aðrar fasteignir

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

31590 Aðrar fjárfestingar

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna.

3178 Áhöld og búnaður

Einungis reiknaður liður.

3180 Sameiginlegur kostnaður

Einungis reiknaður liður, einkum afskriftir, sem hafa verið uppfærðar m.v. áætlaðar fjárfestingar ársins.

3191 Fjármagnsgjöld

Engin áætlun á þessum lið.

31913 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum

Áætlun rekstrarráðgjafa tekur mið af áhvílandi langtímaskuldum sveitarfélagsins, og er skipt í vexti og verðbætur. Í þessum lið er einnig gert ráð fyrir nýjum lántökum sem ráðist verður í á árinu 2018 vegna framkvæmda sveitarfélagsins. Heildaráætlun þessa liðar er 54,6 m.kr.



41 Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs er hefðbundinn milli ára, lítið umfang er á rekstrinum og tekjur því litlar. Bæjarsjóður greiðir framlag til rekstursins að fjárhæð 3,5 m.kr., þar sem reksturinn stendur ekki undir sér.

4101 Almenn hafnargjöld

Tekjur hafnarinnar hækka lítillega milli ára, þar sem m.a. er tekið mið af starfsemi Vogasjóferða ehf.

4111 Hafnarmannvirki

Rekstur hafnarmannvirkja er í svipuðu horfi milli ára.



43 Vatnsveita

4301 Selt vatn

Vatnsskattur tekur mið af gjaldskrá sveitarfélagsins hvað varðar álagningu vatnsgjalds. Áætlun um sölu vatns til fyrirtækja eftir mæli tekur mið af verðlagsbreytingum milli ára.

4312 Stofnæðar og dælur

Áætlunin er einungis framreiknuð milli ára með verðbreytingastuðli. Afskriftir hækka milli ára, vegna viðhaldsfjárfestinga sem ráðist var í á höfninni árið 2018.



61 Fráveita

Gera má ráð fyrir auknu umfangi í rekstri fráveitu á næstu árum, þar sem ráðgert er að ráðast í byggingu dælustöðvar á árinu 2019. Ekki er þó gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður komi inn að neinu marki fyrr en síðar.

6101 Fráveita

Rekstur fráveitukerfisins milli ára er áþekkur, tekjur taka mið af álögðu fráveitugjaldi samkvæmt gjaldskrá.

6111 Fráveitukerfi

Hér eru afskriftir fráveitukerfisins áætlaðar, og hafa verið uppfærðar vegna fyrirhugaðra fjárfestinga árið 2019.



Framkvæmdir 2018

Heildaráætlun ársins 2019 vegna nýframkvæmda er 316,5 m.kr. Til frádráttar þessari fjárhæð eru áætlaðar tekjur af gatnagerðagjöldum, 110 m.kr. Nettó fjárhæð er því áætluð 21,5 m.kr.

Tillagan gerir ráð fyrir þessum framkvæmdum á árinu 2019:

Kirkjugerði norður, endurnýjun	35.000.000
Stapavegur, endurnýjun yfirborðs og þrenging götu	16.813.000
Áhaldahús / þjónustumiðstöð	135.000.000
Fráveita, 2 dælustöðvar, 1. stigs hreinsibúnaður, þrýstilögn	70.800.000
Tjaldsvæði - lagnir	22.890.000
Viðbygging við grunnskóla	10.000.000
Reiðstígur - Vogahestar	2.000.000
Göngu- og hjólastígur að Brunnastaðahverfi	26.550.000
Göngustígur Línuvegur - Háibjalli (Skógfell)	2.000.000
Fegrún opinna svæða / gróðursetningar/manir	5.000.000
Gatnagerðagjöld	-110.000.000
Útsýnispallur við höfnina	500.000
Samtals	216.553.000



Áætlun 2019 – 2021

Sem fyrr er áætlun næstu þriggja ára á eftir áætlun næsta árs framreikningur m.v. gefnar forsendur um verðlagsþróun.

Fjárfestingar á áætlunartímabilinu er fyrirhugaðar sem hér segir:

	2019	2020	2021
Kirkjugerði norður, endurnýjun	35.000.000		
Aragerði norður, endurnýjun		39.000.000	
Stapavegur, endurnýjun yfirborðs og þrenging götu	16.813.000		
Iðndalur - yfirborðslögn		13.000.000	
Utanhússklæðning á Stóru-Vogaskóla, 3. áfangi		43.000.000	
Áhaldahús / þjónustumiðstöð	135.000.000		
Fráveita, 2 dælustöðvar, 1. stigs hreinsibúnaður, þrýstilögn	70.800.000		
Tjaldsvæði - lagnir	22.890.000		
Viðbygging við grunnskóla	10.000.000	171.000.000	171.000.000
Reiðstígur - Vogahestar	2.000.000		
Göngu- og hjólastígur að Brunnastaðahverfi	26.550.000	20.000.000	
Göngustígur Línuvegur - Háibjalli (Skógfell)	2.000.000		
Fegrún opinna svæða / gróðursetningar/manir	5.000.000		
Gatnagerðagjöld	-110.000.000	-100.000.000	
Útsýnispallur við höfnina	500.000		
Samtals	216.553.000	186.000.000	171.000.000